

## **29. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 22.09. 2009.**

**Mættir:** Ingvar Þóroddsson, Aldís Einarasdóttir, Berglind Rafnsdóttir og Brynja Sigurðardóttir.

### **Fundarefni.**

#### **Tilgangur hverfisnefndar.**

Berglind Rafnsdóttir (kosin varamaður) var boðuð á sinn fyrsta fund hjá hverfisnefndinni og var sett inn í þau málefni sem að nefndin hefur verið að sinna. Berglind tekur sæti Guðmundar sem er erlendis fram að áramótum.

#### **Göngustígar í hverfinu.**

Aldís kom með kort af göngustígum í hverfinu bæði þá sem eru komnir nú þegar og þeim sem munu koma í framtíðinni. Voru Aldís og Berglind beðnar um að koma með athugasemdir/punkta á næsta fund um hvað mætti betur fara eða væri orðið gott nú þegar. Rætt var um þetta málefni fram og til baka og ákveðið að nefndarmenn færu í gönguferð/bílaferð um hverfið í þeim tilgangi að kynna sér betur þessi mál.

#### **Hausthátíð Holta- og Hlíðarhverfis ásamt Foreldrafélags Glerárskóla.**

Ákveðið var að boða Andreu W. formann Foreldrafélags Glerárskóla á næsta fund til að gera upp hausthátíðina sem haldin var fyrr í mánuðinum.

#### **Hverfisnefnd auglýst betur.**

Þá var haldið áfram þeirri umræðu um hvernig hverfisnefndin gæti orðið sýnilegri. Ýmsar hugmyndir komu fram og verða þær útfærðar nánar á næstu fundum.

#### **Breyttur fundartími.**

Brynja lagði til að fundartíma yrði breytt. Samþykktu nefndarmenn að hann breyttist í klukkan 18:00 og yrði fundað 1. þriðjudag í hverjum mánuði hér eftir.

Næsti fundur verður 6. október klukkan 18:00 í Glerárskóla.

Fleira var ekki rætt.

Ritað 22. september 2009  
Brynja Sig.